



Ársskýrsla

starfsárið 2023-2024

maí - apríl

Aðalfundur 2024

30. maí 2024

Innihald

Skýrsla stjórnar 2023-2024	3
Félagar	4
Stjórn Upplýsingar 2023-2024	4
Rekstur félagsins	5
Ferðasjóður Upplýsingar	5
Afsláttarkjör fyrir félagsmenn	5
Útgáfumál og upplýsingamiðlar	6
Fregnir	6
Bókasafnið	6
Vef- og samfélagsmiðlar Upplýsingar	6
Miðlun upplýsinga til félagsmanna	6
Utanumhald miðla Upplýsingar	7
Fræðslumál	7
Landsfundur 2023	7
Morgunkorn 2023 - 2024	7
Aðrir viðburðir	8
Skýrslur hópa og nefnda 2023 - 2024	8
Fastanefndir	8
Undirbúningshópur Bókasafnsdagsins	9
Framtíðarhópur	9
Landsfundarnefnd	9
Skýrsla landsfundanefndar 2023	9
Skýrsla notendahóps Gegnis 2023-2024	11
Annað innlent samstarf 2023 - 2024	12
Fjölmiðlanefnd TUMI	12
Ráð og nefndir sem Mennta- og vísindaráðuneytið kallar eftir tilnefningum í	13
Norrænt og alþjóðlegt samstarf	13

Skýrsla stjórnar 2023-2024

Daglegur rekstur og verkefni félagsins eru í höndum stjórnar og hélt stjórn félagsins þrettán stjórnarfundi á tímabilinu sem allir voru fjarfundir auk samskipta á Teams og í tölvupósti.

Árið var sérstakt að mörgu leyti, viðburðarík ráðstefna IFLA dró dilk á eftir sér en þar var því harðlega mótmælt að IFLA ætlaði að halda ráðstefnu næsta árs í Dubai. Upplýsing ásamt norrænu systurfélögunum sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem því var mótmælt. Málinu var fylgt eftir á fundi norrænu félaganna í Stokkhólmi í janúar 2024. Þangað mætti framkvæmdastjóri IFLA Sharon Memis og Kirsten Bolt frá Danmörku sem situr í framkvæmdastjórn IFLA. Í umræðu er að gera breytingar á fyrirkomulagi aðalfunda IFLA og WLIC ráðstefnunnar og lögðu norrænu félögin fram tillögu um að ráðstefnan og aðalfundurinn yrði haldinn á netinu annað hvert ár.

Bókasöfn í Fjarðabyggð leituðu til félagsins vegna skipulagsbreytinga sem komu illa við bókasöfnin og þeim gert að heyra undir skólastjórnendur að þeim loknum. Upplýsing skrifaði bréf til Fjarðabyggðar en fékk engin viðbrögð. Þá leitaði Upplýsing til umboðsmanns Alþingis, en hann vísaði málinu frá sér þar sem ekki þótti sýnt að Upplýsing hefði umboð til að fara þessa leið fyrir hönd bókasafna Fjarðarbyggðar og að málið hefði ekki farið fyrst til ráðuneytis. Fleiri félög, auk landsbókavardar skrifuðu bréf og viðruðu áhyggjur sínar af starfsemi og þróun safnanna, sem eru samsteypusöfn, bæði skólasöfn og almenningsöfn, undir stjórn skólastjórnenda.

Þá leitaði prófessor Upplýsingafræðiskorar í Háskóla Íslands til félagsins og óskaði eftir stuðningi vegna niðurskurðar í kjölfar breytinga á reiknilíkani ráðherra til háskólanna. Reiknilíkanið tekur illa tillit til lítila deilda og voru áhyggjur uppi um að deildin legðist af sem væri afar slæmt þar sem þetta er eina námið á landinu sem undirbýr fólk fyrir það lögbundna starfsemi að vera Upplýsingafræðingur. Upplýsing mætti á fund deildarforseta félagsvísindadeildar og skrifaði í framhaldinu bréf ásamt prófessorum til þriggja ráðuneyta og óskaði eftir fundi. Af þeim fundum varð ekki þar sem ráðuneyti Háskóla var ekki tilbúið í samtal við einstakar skorir Háskóla Íslands meðan ekki væri búið að fullgera reiknilíkanið.

Upplýsing tók þátt í fundi sem boðaður var af starfsmönnum Kaupmannahafnar kommúnu, auk norrænu systurfélaganna um stöðu stafrænna útlána innan Norðurlandanna, hjá hverju landi fyrir sig auk þess sem hugmyndir um aðgengi að bókmenntum landanna í sameiginlegum gagnagrunni voru ræddar. Kostir og gallar slíkrar þjónustu eru bæði tæknilegir, höfundarréttarlegir og tungumálalegir. Helstu niðurstöður þeirrar umræðu voru teknar saman í skýrslu og kynnt á fundi Norðulandaráðs (Nordic Council) í Færeyjum í apríl sl., slóðin í hana er: <http://pub.nordiskkulturkontakt.org/digitaltudlan/>

Upplýsing sendi inn í Samráðsgátt umsögn vegna máls 511, Aðgerðaáætlunar í málefni íslenskrar tungu og fagnaði því að stefnt sé að því að efla bókasöfn í grunn- og framhaldsskólum landsins eins og kveðið er á um í 11. gr. En benti auk þess á að þegar sett væru fram viðmið um gæði og starf safnanna þyrfti einnig að ráða þangað sérfræðinga og að upplýsingafræðingar væru lykilstarfsfólk á skólabókasöfnum. Upplýsing fékk boð um að mæta á fund allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis fimmtudaginn 7. mars og gerði þar grein fyrir vanda samsteypusafna í smærri sveitarfélögum.

Félagið bauð upp á fimm fræðslufundi í viðburðaröð sem kölluð er Morgunkorn og lesa má nánar um í ársskýrslunni, sjá kafla 8 um fræðslumál. Eitthvað hefur borið á kvörtunum vegna

fyrirkomulags Morgunkorna og að til þeirra sé boðað með skömmum fyrirvara. Stjórn hefur rætt um mögulegar breytingar á fyrirkomulaginu og ákvað að senda út könnun meðal félagsmanna í stað þess að hafa hefðbundið Morgunkorn í aprílmánuði.

Hvatningarverðlaun 2023 hlaut Stofan – A public living room, verkefni á Borgarbókasafni, sjá nánari umfjöllun í kafla um fræðslumál.

Formaður þakkar kærlega öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóg fyrir starf Upplýsingar. Að sama skapi vill Upplýsing þakka félagsmönnum kærlega fyrir stuðning við starfsemina, sérstaklega þeim sem héldu erindi á Morgunkornum og þeim sem á hlýddu.

Bókasafnsdagsnefnd er þakkað fyrir skemmtilegan Bókasafnadag þann 8. september sem og öllum þeim sem samþykkt hafa að starfa í nefndum og ráðum sem tengjast félaginu. Í dómnefnd Hvatningarverðlauna Upplýsingar 2023 sátu Margrét Björnsdóttir af hálfu undirbúningshóps Bókasafnsdagsins, Margrét Sigurgeirsdóttir af hálfu Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna og Stefanía Gunnarsdóttir af hálfu stjórnar Upplýsingar.

Þá eru Sigrúna Guðnadóttur, Margréti Sigurgeirsdóttur og félögum þeirra í Landsfundarnefnd einnig færðar kærar þakkir. Landsfundur var haldinn í Hafnarfirði í september 2023 og tókst ákaflega vel.

En síðast en alls ekki síst vil ég þakka stjórnarliðum og vefstjóra fyrir þeirra vinnu í þágu félagsins. Við sjáum eftir tveimur úr stjórninni núna, en vonum að okkur hafi takist að fylla þeirra skarð.

Félagar

Félagar í Upplýsingu eru í dag um það bil 345 og 26 stofnanir. Félagar detta út af skrá ef þeir hafa ekki greitt félagsgjöld í 2 ár samfleytt og eru alltaf einhverjir sem segja sig úr félaginu á þann hátt. Aðrir hætta vegna aldurs eða vegna nýrra starfa utan bókasafna.

Félagsaðild er að mestu leyti einstaklingsaðild en í raun eru sex aðildarflokkar:

- Almennir félagar. Þeir greiða 7.000 krónur í árgjald.
- Stofnanir. Stofnanir greiða 14.000 krónur í árgjald.
- Nemendur í upplýsingafræði. Þeir greiða 3.500 krónur.
- Heiðursfélagar. Greiða ekki árgjald.
- Eldri félagar. Geta sótt um að greiða hálf árgjald.
- Fulltrúar í stjórn, ritstjórn og undirbúningshóp Bókasafnsdags eru undanþegnir félagsgjöldum til að vega upp á móti vinnuframlagi þeirra til félagsins.

Stjórn Upplýsingar 2023-2024

Samkvæmt núgildandi lögum skal stjórn félagsins skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Auk þess skulu kosnir tveir varamenn.

Kjörin stjórn Upplýsingar starfsárið 2023-2024 var sem hér segir:

Formaður: Þórný Hlynisdóttir, Háskólinn á Bifröst (til tveggja ára frá 2022)

Varaformaður: Andrea Ævarsdóttir, (til tveggja ára frá 2023)

Gjaldkeri: Sigurgeir Finnsson, Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn (til tveggja ára frá 2022)

Ritari: Stefanía Gunnarsdóttir, Bókasafn Reykjanesbæjar (til tveggja ára frá 2022)

Meðstjórnandi: Sif Sigurðardóttir, Tækniskólanum (til tveggja ára frá 2023)
Varamenn í stjórn: Björg Bjarnadóttir og Guðrún Lilja Kvaran

Tvær breytingar urðu á stjórn félagsins á starfsárinu, Andrea Ævarsdóttir kom inn í stað Guðrúnar Lilju Kvaran og Sif Sigurðardóttir, vefstjóri kom inn í aðalstjórn í stað Bjargar Bjarnadóttur.

Rekstur félagsins

Félagið rekur ekki skrifstofu undir starfsemi sína Starfsaðstaða stjórnarmeðlima er því á heimilum þeirra sem og á vinnustöðum sumra, með leyfi yfirmanna þeirra.

Auk stjórnar starfa ýmsir starfshópar og nefndir sem skipuleggja og halda utan um ýmis stærri verkefni á vegum félagsins. Alefli er orðið að starfsnefnd í Upplýsingu. Bókasafnsdagsnefndin skipuleggur bókasafnsdaginn sem haldinn er á Alþjóðlegum degi læsis, 8. september ár hvert. Landsfundarnefnd undirbýr landsfund annað hvert ár og þegar málþing eru haldin leitar stjórn stuðnings til félagsmanna. Ritnefnd starfar sjálfstætt að útgáfu Bókasafnsins. Stjórn sér um útgáfu Fregna. Auk þessa skipar Upplýsing fulltrúa í Íslenska málnefnd, Bókasafnaráð og Höfundarréttarráð.

Stjórnarmenn fá þóknun fyrir stjórnarsetu og aukalega er greitt fyrir vefstjórn, auk þess sem gjaldkeri fær sérstaka þóknun tvisvar á ári og formaður mánaðarlega. Formaðurinn er í raun framkvæmdastjóri félagsins og sér um öll samskipti og er í forsvari fyrir félagið. Þóknun til stjórnar er tilgreindar í ársreikningum félagsins.

Árgjöld félaga, bæði einstaklinga og stofnana auk styrks úr ráðuneyti er rekstrarfé félagsins en sótt er um styrki vegna stærri viðburða eins og Bókasafnadags og Landsfundar. Ávallt er stefnt að því að þessir viðburðir standi undir sér og að kostnaður lendi sem minnst á félaginu. Styrkur frá Menningar- og viðskiptaráðuneyti stendur undir kostnaði við faglega fræðslu til félagsmanna sem og styrkingu tengsla við erlend systurfélög og aðildargjöldum að IFLA. Styrknum er varið í að standa undir kostnaði við að senda formann á alþjóðlega ráðstefnu IFLA, World Library International Conference (WLIC) þar sem formaður fer með atkvæði á aðalfundi IFLA. Auk þess kostnað við að sækja árlegan fund norrænna systurfélaga.

Ferðasjóður Upplýsingar

Fullgildir félagar Upplýsingar til þriggja ára geta sótt í sjóðinn styrk upp á 30.000 kr. fyrir náms og kynnisferðir erlendis. Að þessu sinni bárust 3 umsóknir og uppfylltu þær allar skilyrði fyrir styrkveitingu og var því 3 styrkjum úthlutað.

Eftirfarandi hlutu styrk árið 2024:

- Elísabet Jensdóttir, Bókasafn Hafnarfjarðar
- Elín Magnúsdóttir, Bókasafn Hafnarfjarðar
- Margrét Björnsdóttir, Skólaþjónusta Reykjavíkur

Afsláttarkjör fyrir félagsmenn

Afsláttarkjör fyrir félagsmenn 2024-2025

- Eymundsson, 20% afsláttur af bókum og tímaritum eingöngu

- Iðna Zimsen, 20% afsláttur
- A4, 10% afsláttur
- Morgunkorn, fræðslufundir Upplýsingar, frítt fyrir félagsmenn. Kaffveitingar í boði.
- Landsfundur, ráðstefna, 20% afsláttur af skráningargjaldi
- Málþing, ráðstefna, 20% afsláttur af skráningargjaldi
- Jólagleði, frítt fyrir félagsmenn
- Vorgleði, frítt fyrir félagsmenn

Reynt er að láta gjöld ganga upp á móti tekjum þannig að félagsmenn fái til baka það sem þeir setja í félagið með því að sækja þá viðburði sem félagið býður frítt fyrir þá..

Útgáfumál og upplýsingamiðlar

Fregnir

Fréttabréfið Fregnir er sendur reglulega á netföng félagsmanna, komið hafa út sjö tölublöð á árinu með upplýsingum um hvað helst er á döfinni hjá bókasöfnum, tilkynningar um Morgunkorn verið send út, fréttir af innlendum og erlendum vettvangi og ýmislegt reynt til að vekja áhuga félagsmanna á starfsemi félagsins.

- Eldri tölublöð Fregna er að finna á vefnum <http://upplysing.wordpress.com/>

Bókasafnið

Hallfríður Kristjánsson á Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni bauðst til þess að taka að sér að endurvekja útgáfu tímaritsins Bókasafnið. Það er til mikillar ánægju að tímaritið hefur göngu sína á ný í dag, 30. maí 2024.

Vef- og samfélagsmiðlar Upplýsingar

Miðlun upplýsinga til félagsmanna

Upplýsing.is – www.upplysing.is

Heimasíða félagsins gefur greinagóða yfirsýn um starfsemi félagsins, fræðslumál, styrki til félagsmanna og upplýsingar um viðburði, liðna sem og það sem helst er að fréttu af innlendum og erlendum vettvangi.

Helstu tilkynningar félagsins eru birtar á Facebook síðu Upplýsingar og í Fregni sem er sendur í tölvupósti til félagsmanna.

Fésbókarsíða Upplýsingar er upplýsingasíða um starfsemi félagsins og málefni sem tengjast félaginu. Þar eru helst settar inn tilkynningar um viðburði, myndir úr starfi félagsins og einnig er áhugaverðum fréttum og viðburðum tengdra félaga er deilt á síðuna. Síðan hefur yfir 500 fylgjendur.

Ut anumhald miðla Upplýsingar

Vef- og miðlastjóri Upplýsingar er Sif Sigurðardóttir. Meðal verkefna vefstjóra eru uppfærsla vefsins með tilliti til viðburða svo sem morgunkorna, ráðstefna, málfunda, og annarra uppákoma á vegum félagsins. Vefstjóri sér einnig um að taka upp, klippa og vinna myndbönd af ráðstefnum, málþingum, morgunkornum og öðrum viðburðum tengdum Upplýsingu og varðveita og deila. Vefstjóri hefur einnig séð um viðburði sem haldnir hafa verið sem fjarfundir árið 2023-2024.

Fræðslumál

Landsfundur 2023

Landsfundur er haldið annað hvert ár og var síðast haldinn dagana 21. og 22. september 2023. Yfirskrift ráðstefnunnar var “Get ég aðstoðað? - Þjónusta og uppbygging bókasafna í nútímasamfélagi” og fór fram í Haukahúsinu á Ásvöllum í Hafnarfirði. Dagskrána má nálgast hér: <https://upplysing.is/landsfundur-upplýsingar-2023/>

Ráðstefnan einkenndist af þeim miklu samfélagslegu áskorunum sem almenningsbókasöfn standa frammi fyrir og voru bæði innlendir og erlendir fyrirlesarar sem miðluðu af reynslu sinni. Auk þess voru kynntar hugmyndir að nýju bókasafni í Hafnarfirði en það eru Ask arkitektar sem standa að hönnun þess.

Morgunkorn 2023 - 2024

Morgunkorn voru á sínum stað á síðasta starfsári, þótt þau séu nú aftur orðin staðbundin er áfram boðið upp á streymi og yfirleitt er upptaka fyrir þá sem ekki komast.

Tilgangur Morgunkorna er að efla faglega vitund félagsmanna og fá bæði einstaklinga utan og innan félagsins til að ræða mál sem eru í brennidepli hverju sinni. Fundirnir fara fram í formi fyrirlestrar og standa í um það bil hálf tíma og lýkur með umræðum ef tími leyfir. Fundunum er streymt á Teams og upptaka birt á Youtube rás Upplýsingar fljótlega eftir að fundum lýkur.

Morgunkornið er ávallt haldið í tilefni Bókasafnsdagsins 8. September. Þann 8. September 2023 hélt Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir erindi undir yfirskrift dagsins “Lestur er bestur - frá A til Ö” og sagði frá sínum uppáhaldsbókum í æsku og hvernig þær hafa fylgt henni inn í fullorðinsárin og myndlistina. Borgarbókasafn Grófarhúsi bauð heim að þessu sinni.

Morgunkorn októbermánaðar var 12. október og aftur var það haldið í húsakynnum Borgarbókasafns Grófarhúss. En þar sögðu þær Martyna Daniel og Dögg Sigmarsdóttir frá verkefninu Stofan - A public living room sem veitt voru Hvatningarverðlaun Upplýsingar við þetta tilefni.

Morgunkorn var 23. nóvember í Bókasafni Mosfellsbæjar. Þar sagði Arndís Þórarinsdóttir rithöfundur og þýðandi frá ritstörfum sínum. Arndís hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2022 fyrir bók sína Kollhnís, Fjöruverðlaunin 2023 fyrir þá bók sömuleiðis og bókin fékk einnig Barnabókaverðlaun Reykjavíkur 2023. Auk þessara viðurkenningar var bókin einnig tilnefnd til norrænna barna- og unglingabókaverðlauna 2023. Arndís sagði frá tilurð bókarinnar Bál tímans og fléttaði frásögnina bæði í sínar æskubækur og ferlið við að þroskast sem rithöfundur. Arndís hefur lifibrauð af fyrirlestrahaldi auk ritstarfa og gaf þar af leiðandi ekki leyfi fyrir upptöku.

Morgunkorn var haldið 25. Janúar í fyrirlestrarsal Þjóðarbókhöllu. Þar kynntu Siggerður Ólöf Sigurðardóttir og Helgi Sigurbjörnsson hlutverk Bókasafnaráðs og helstu verkefni þess auk þess sem þau sögðu frá Bókasafnasjóði og þeim verkefnum sem hlotið hafa styrk úr sjóðnum.

Morgunkornið var síðan haldið 21. mars og var haldið í Borgarbókasafni Spöng þar fjallaði Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir frá vinnustofu á vegum IFLA sem hún sat fyrir Íslands hönd. Vinnustofa fjallaði um uppbyggingu sterkara og sjálfbærara bókasafnasviðs í Evrópu. Málstofan fór fram í Brussel 21. – 23. nóvember 2023.

Aðrir viðburðir

Jólagleði félagsins var haldin í Þjóðarbókhöllu 30. nóvember 2023, þar var boðið upp á skemmtiatriði og léttar veitingar að venju. Svavar Knútur söng og spilaði á gítar og úkúlele og skemmti okkur vel.

Skýrslur hópa og nefnda 2023 - 2024

Mönnun nefnda sem tengjast starfi félagsins eru að mestu leyti í höndum stjórnar félagsins. Stjórn hefur það viðmið við mönnun að reyna að finna áhugasama aðila frá öllum safnategundum til starfa. Kröfur ráðuneytis um tilnefningar bæði karls og konu í nefndir og ráð hefur valdið því að tímafrekt er að finna aðila af réttu kyni (KK) í þessu kvenmarga félagi.

Allir félagsmenn eru velkomnir í starfshópa Upplýsingar, æskilegt er að þeir sem eru fastir eins og undirbúningshópur Bókasafnsdagsins, Framtíðarhópurinn og Landsfundarnefnd séu sjálfbærir eftir fremsta megni, en stjórn Upplýsingar styður þeirra vinnu eins og hægt er.

Hér á eftir fara skýrslur þeirra föstu nefnda og starfshópa sem störfuðu fyrir félagið á síðasta starfsári.

Fastanefndir

Undirbúningshópur Bókasafnsdagsins hefur unnið að framgangi þess dags og borið allan þunga af undirbúningi hans. Bókasafnsdagurinn 2023 var haldin hátíðlegur 8. september líkt og áður.

Þema dagsins árið 2023 var Lestur er bestur - frá A til Ö.

Skipulag dagsins fór að mestu í gegnum Facebook síðu undirbúningshóps. Þessar sátu í undirbúningsnefnd 2023: Arna Emilía Vigfúsdóttir, María Logn, Margrét Björnsdóttir, Guðrún Dís Jónatansdóttir, Margrét Sigurgeirsdóttir, Edda Hrund Svanhildardóttir og Stefanía Gunnarsdóttir. Eru þeim færðar kærar þakkir fyrir.

Hvatningarverðlaun Upplýsingar eru jafnan veitt á Bókasafnsdaginn. Dómnefnd fékk innsendar tvær tilnefningar á Bókasafnsdaginn sem teknar voru til umfjöllunar og eftir umræður og mat á þeim, sem voru báðar metnaðarfullar og áhugaverðar, náði nefndin eftirfarandi niðurstöðu:

Verkefnið **Stofan - A Public Living Room** varð fyrir valinu og hlaut að launum tálgaðan Jaðrakan úr smíðju Lesa má um verkefnið hér: <https://borgarbokasafn.is/stofan>

Umsögn dómnefndar:

Í innsendri lýsingu á verkefninu kemur fram að Stofan er tilraunaverkefni þar sem ólíkir samstarfsaðilar skapa styðjandi samfélagsrými sem þau vilja sjá á bókasafninu. Þetta er vettvangur sem býður notendum að tengjast öðrum, finnast þau vera hluti af samfélaginu á eigin forsendum og taka þátt sem borgari á jafnréttisgrundvelli. Í samtölum í Stofunni er höfðað til allra skynfæra þegar umhverfið, hugmyndir og skilningur eru könnuð.

Dómnefnd hafði til viðmiðunar að um væri að ræða nýbreytni og þróunarverkefni sem ekki væri fastur liður í daglegu starfi viðkomandi starfsstaðar. Verkefnið getur þróast í ýmsar áttir og tengist það íbúalýðræði, almenningssöfnum og opinberum vettvangi. Verkefnið er metnaðarfullt og til mikils sóma fyrir þá sem að því standa.

Framtíðarhópur heldur utan um skipulag málþings Upplýsingar. Okkur sárvantar aðila í Framtíðarhópin ef af málþingi á að verða á næsta starfsári.

Landsfundarnefnd heldur utan um landsfund Upplýsingar annað hvert ár og ræðst það af staðsetningu hans hverju sinni. Næsti landsfundur verður á Suðurlandii haustið 2025 og liggur undirbúningur hans því í höndum sunnlenskra bókasafna undir handleiðslu Bókasafnsins á Selfossi.

Skýrsla landsfundanefndar 2023

Landsfundur Upplýsingar var haldinn dagana 21. og 22. september 2023 í Hafnarfirði. Yfirskrift ráðstefnunnar var: **Get ég aðstoðað? - Þjónusta og uppbygging bókasafna í nútímasamfélagi - How may I assist? - Service and structure of libraries in modern societies**

Í landsfundarnefnd sátu frá Bókasafni Hafnarfjarðar: Sigrún Guðnadóttir, formaður, Gunnhildur Ægisdóttir, Þorbjörg Bergmann, Húgrún Margrét og Unnur Helga Möller, frá Bókasafni Garðabæjar þær Margrét Sigurgeirsdóttir og Sigríður Júlíana Sighvatsdóttir og skipti nefndin verkum á milli sín.

Fljótlega var tekin sú ákvörðun að dagskrá ráðstefnunnar yrði miðuð út frá bókasöfnum þar sem Félag um skjalastjórn sér um að vera með bæði fræðslur og ráðstefnur fyrir skjalastjóra. Reynt var að hafa efni ráðstefnunnar sem fjölbreyttast og út frá sem flestum tegundum bókasafna.

Sótt var um styrki til að halda ráðstefnuna og fengum við styrk upp á samtals 500.000 krónur frá Landskerfi bókasafna, Þjónustumiðstöð bókasafna og Hafnarfjarðarbæ og kunnum við þeim þakkir fyrir.

Skráning á ráðstefnuna fór frekar hægt af stað en tók vel viðsér um það bil 2 mánuðum fyrir lok skráningar og voru um 180 manns skráðir á ráðstefnuna.

Fengnir voru bæði íslenskir sem og erlendir fyrirlesarar til að fjalla um þær breytingar sem hafa verið að gerast í bókasafns heiminum sem og hvað við þurfum að hafa í huga til að halda í við þær breytingar sem eru á bókasöfnum í dag. Meðal fyrirlesara voru Jan Holmquist en hans fyrirlestur fjallaði um hvernig við getum aðlagast breytingum. Hugrún Margrét fjallaði um inngildinguna nýbúa. Kenneth Korstad Langás fjallaði um það hvað bókasafnið getur gert til að aðstoða í sínu nærumhverfi. Höfundar ofurhetjubókanna þau Agnes and Elias Váhlund fóru í gegnum ferlið þeirra við gerð bókanna einnig voru þau með fyrirlestur fyrir börn úr skólum í Hafnarfirði og Garðabæ ásamt því að árita bækur í bókasafni Hafnarfjarðar. Bjartey Sigurðardóttir og Bergrún Íris Sævarsdóttir fóru yfir lestrarverkefnið LÆK sem Hafnarfjarðarbær var með. Eyrún Eva Haraldsdóttir, sérfræðingur í miðlanotkun barna og ungmenna hjá SAFT (Netöryggismiðstöð Íslands (Icelandic Safer Internet Center)) fjallaði um raunveruleika nútímabarna í heimi upplýsingaóreiðu og falsfrétta og hvað við getum gert til að hjálpa þeim. Sandra Björg Ernudóttir skólasafnsfræðingur Skarðshlíðarskóla sagði frá verkefninu Bókabráll sem er samstarfsverkefni skólasafna í Hafnarfirði.

Eftir ráðstefnuna fórum við yfir hvað mætti gera betur við undirbúning svona ráðstefnu og hvað gekk vel.

- Ef það er boðið upp á rútuferð á milli staða að þá sé einnig spurt hvort fólk ætli að nýta sér hana eða ekki hafa báða kosti í skráningarforminu.
- 10 dögum fyrir Landsfund er ekki hægt að breyta þeim fjölda sem er pantað fyrir í mat, drykk, rútur og annað.
- Eftir að skráning lokast þá er ekki hægt að fá endurgreitt ráðstefnugjald þar sem þá er búið að panta mat, drykki og annað og oftast ekki hægt að breyta því.
- Reyna að koma því til skila hjá Landsfundargestum að vera ekki að merkja sig við í t.d. ferðir sem boðið er upp á í lok Landsfundar nema þeir ætli sér að mæta.
- Í mörgum tilvikum er búið að panta rútur fyrir þær ferðir og Upplýsing þarf að greiða allan kostnaðinn þó fólk hætti við. Við þurfum að greiða fyrir það sem við pöntum í upphaflegri skráningu.

Hvernig er hægt að útfæra þetta er kannski umræða sem stjórn Upplýsingar gæti tekið?

- Taka fram í skráningu stofnun og starfsheiti þess sem skráir sig.
- Hafa fyrr samband við menntastofnanir sem eiga við, s.s. upplýsingafræði, menningarstjórnun og svo framvegis til að ná í nemendur þar og tengja við bransann.
- Það mætti athuga hvort ekki sé einfaldara að vera með grænmetisfæði á hátíðarkvöldverði í staðin fyrir að þurfa alltaf að bjóða upp á hvoru tveggja en það hefur verið að aukast á ráðstefnum innan upplýsingafræða á Norðurlöndunum.

Í heildina gekk bæði undirbúningur fyrir ráðstefnuna og ráðstefnan sjálf vel og þakka ég undirbúningsnefndinni fyrir þeirra góðu vinnu við skipulagningu og þeirra vinnu á meðan á ráðstefnunni stóð.

Fyrir hönd Landsfundarnefndar Sigrún Guðnadóttir.

Skýrsla notendahóps Gegnis 2023-2024

Á aðalfundi Upplýsingar í maí á síðasta ári var samþykkt, að tillögu stjórnar Aleflis, að slíta félaginu formlega. Í stað félagsins yrði stofnaður notendahópur Gegnis sem starfaði innan Upplýsingar.

Hlutverk notendahópsins er að:

- Koma með tillögum um fræðslu fyrir notendur og að skipuleggja almennar notendaráðstefnur í samvinnu við Landskerfi bókasafna hf.
- Vera tengiliður milli notenda og Landskerfis bókasafna í þeim tilgangi að samhæfa óskir og kröfur um endurbætur og forgangsraða þeim

Hópin skipa fjórir fulltrúar frá mismunandi safnategundum, háskóla- og sérfræðisöfnum, almenningssöfnum, framhaldsskólasöfnum og grunnskólasöfnum. Stjórnendur innan þessara safnategunda velja fulltrúa í hópinn.

Notendahópurinn fundaði tvisvar á árinu. Gengið var frá formlegum slitum félagsins Aleflis á haustmánuðum. Vefurinn alefli.is hefur verið lagður niður og upplýsingar af vefnum verða settar inn á nýjan vef Upplýsingar síðar á árinu.

Núverandi meðlimir (Gunnhildur, Brynhildur og Hanna Þórey) bjóða sig fram áfram og verið er að leita að manneskju frá grunnskólasöfnum. Vonast er til að hún verði fundin fyrir aðalfund Upplýsingar.

Fyrir hönd notendahóps Gegnis, Gunnhildur Björnsdóttir.

Skýrsla fulltrúa í Bóksafnaráði 2023-2024

Þetta starfsár hefur gengið vel í bókasafnaráði. Við höfum fengið við ýmis verkefni og reynt að leysa þau eftir bestu getu. Stefnumótunarvinna hefur verið þungamiðjan í okkar störfum en í nokkurn tíma hafa drög að stefnumótun bókasafnanna legið fyrir ráðuneyti. Ekki hafa enn borist viðbrögð við þeirri vinnu frá ráðuneytinu. Við höfum einnig unnið að stefnumótun um öflun tölfraeðigagna. Ljóst er að sú vinna skiptir mjög miklu máli fyrir öll bókasöfn landsins.

Við höfum gefið umsögn um nýja menntastefnu og einnig bókmenntastefnu. Mikil samstaða var um þá vinnu. Við höfum einnig afgreitt þær umsóknir sem bárust í bókmenntasjóð þetta árið. Umsóknir voru færri en síðasta ár en alls var úthlutað 20 milljónum króna. Styrkjum verður úthlutað úr sjóðnum nú á vordögum. Óskum við öllum styrkþegum velfarnaðar og góðs gengis. Næsta haust munum við vinna að því að kynna þær skýrslur sem borist hafa frá þeim sem nú þegar hafa fengið styrki. Er nokkuð víst að það er hollt fyrir okkur öll að læra hvort af öðru í þessum málum og veita kannski öðrum innblástur í sköpun og nýsköpun á sviði bókasafnsmála. Hér hefur verið farið yfir helstu verkefni bókasafnaráðs en við höfum líka reynt

að vera vakandi yfir málefnum bókasafnanna og fylgjast vel með á þeim margvíslegu sviðum sem falla undir starfssvið bókasafnanna.

Siggerður Ólöf Sigurðardóttir og Helgi Sigurbjörnsson

Skýrsla ritnefndar 2023-2024

Í ritnefnd Bókasafnsins 2023-2024 sitja Hallfríður Kristjánsdóttir, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, María Bjarkadóttir, Borgarbókasafni og Tinna Lind Guðjónsdóttir, Bókasafni Menntavísindasviðs HÍ.

Útgáfa tímaritsins hefur legið niðri síðan árgangur 43 kom út á prenti árið 2020, en í maí 2024 kemur út fyrsti árgangur/tölublað sem er alfarið gefið út rafrænt. Ritnefndin kom saman á fyrsta fundi í júní 2023 og stóð þá til að reyna að koma út tölublaði sama haust. Ekki reyndist gerlegt að standa við þau áform og tímamörkin fyrir árgang 44 færðust yfir á vorið 2024. Blaðið kemur formlega út 30. maí 2024, sem er dagsetning ársfundar Upplýsingar.

Fyrsta verkefni ritnefndar var að finna viðeigandi útgáfuþjónustu fyrir rafrænt tímarit, læra að nota kerfið og setja tímaritið upp í vefþjónustu. Fyrir valinu varð OJS (Open Journal Systems) sem býður upp á áskrift að veflægu þjónustusvæði fyrir ritstjórnir og útgefendur rafrænna tímarita. Lénið bokasafnid.is var svo tekið í notkun til að miðla tímaritinu til lesenda.

Um haustið var sent út greinakall á póstlistum, vefsvæði og samfélagsmiðlum Upplýsingar og bærust greinar af ýmsu tagi. Ritnefnd skipti með sér verkum við yfirlestur og samskipti við höfundu. Til að byrja með var notast við veflægt geymsludrif frá Google og g-mail póstfang til að allir hefðu aðgengi að sömu upplýsinum. Þetta reyndist ekki til mikillar hagræðingar og verður annað verklag haft á næsta tölublaði.

Ritnefnd fékk grafískan hönnuð, Lindu Katrínu Elvarsdóttur til að aðstoða við uppsetningu á greinum, forsiðu og heilu tölublaði. Þar sem um var að ræða fimmtugsafmælisár Bókasafnsins var við hæfi að fá hana einnig til að setja upp kennimerki (logo) og vefskoðaramerki (favicon) fyrir blaðið.

Í mars 2024 var send inn umsókn í Bókasafnasjóð til að greiða fyrir vinnuframlag hönnuðar og fyrir sérþjónustu frá OJS við útlitshönnun á vefsíðu tímaritsins. Hönnuður hefur þegar lokið sinni vinnu, en ekki er enn farin af stað vinna við útlitshönnun á vefsvæði tímaritsins.

Ritnefnd fundaði að jafnaði mánaðarlega frá haustinu 2023 og fram á vor 2024. Yfirleitt gegnum fjarfundabúnað, en einstaka sinnum kom nefndin saman á Þjóðarbókhöllu eða í safni Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð.

Annað innlent samstarf 2023 - 2024

Fjölmiðlanefnd TUMI

Formaður Upplýsingar situr í fulltrúaráði Fjölmiðlanefndar þar sem fjallað er um upplýsinga- og miðlalæsi og hefur hún sótt flesta fundi nefndarinnar á árinu. Það er afar fróðlegt að fylgjast með þeirri umræðu sem á sér stað á fundum Fjölmiðlanefndar og öllu því starfi sem stuðlar að auknu læsi hvarvetna í þjóðfélaginu.

IRMA

Stjórn Upplýsingar hefur verið í samskiptum við stjórn IRMA, félag skjalastjóra hjá hinu opinbera og reifað við þær hugmyndir að mögulegu samstarfi um sí- og endurmenntun.

Upplýsingafræðiskor Háskóla Íslands umræður eru í gangi um að formgera og auka samstarf skorarinnar og félaga upplýsingafræðinga, Upplýsingar og IRMA.

Ráð og nefndir sem Mennta- og vísindaráðuneytið kallar eftir tilnefningum í

Bókasafnaráð

Mennta- og vísindaráðuneytið óskaði eftir tilnefningu Upplýsingar í Bókasafnaráð fyrir árin 2021-2025. Fulltrúar Upplýsingar eru Siggerður Ólöf Sigurðardóttir og Helgi Sigurbjörnsson og til vara eru Margrét Sigurgeirsdóttir og Guðmann Kristþórsson.

Samráðshópur um málefni Hljóðbókasafns Íslands

Mennta- og vísindaráðuneytið óskaði eftir tilnefningu Upplýsingar í samráðshóp um málefni Hljóðbókasafns Íslands. Stjórn tilnefndi Andreu Dan Árnadóttur og Kristínu Lilju Thorlacius Björnsdóttur, til vara. Báðar starfa þær á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

Stjórn Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns

Mennta- og vísindaráðuneytið óskaði eftir tilnefningu Upplýsingar í stjórn Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns 2023-2025. Stjórn tilnefndi Ingibjörgu Rögnvaldsdóttur á bókasafni Tækniskóla Íslands og Halldór Marteinson á bókasafni Landspítala.

Íslensk málnefnd

Mennta- og vísindaráðuneytið óskaði eftir tilnefningu Upplýsingar í Íslenska málnefnd, fulltrúi Upplýsingar þar 2024-2027 er Þórður Sævar Jónsson og Anna Kristín Hannesdóttir til vara.

Höfundarréttarráð

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (eins og það hét þá) óskaði eftir tilnefningu Upplýsingar í Höfundarréttarráð árið 2021 og var Örn Hrafnkelsson, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni skipaður í ráðið.

Norrænt og alþjóðlegt samstarf

Alþjóðleg og norræn samskipti eru mismikil. Reynt hefur verið að halda uppi samstarfi við norrænu bókasafnafélögin og IFLA enda má til sanns vegar færa að þessi samskipti séu félaginu mikill fengur.

Norrænu systurfélögin

- Svensk biblioteksforening
- Danmarks Biblioteksforening
- Finnish Library Association

- Norsk biblioteksforening
- Finlands Svenska biblioteksforening
- Upplýsing

Fulltrúar norrænu bókavarðafélaganna hittast að jafnaði tvisvar á ári. Fundað er á meðan IFLA-þingi stendur og svo skiptast félögin á að bjóða til funda í sínu landi. Norrænu bókavarðafélögin funduðu á Teams tvisvar sinnum á starfsárinu, þau voru með pallborðsumræðu á IFLA ráðstefnunni í Rotterdam auk þess sem þau funduðu í Stokkhólmi í byrjun febrúar 2024, formaðuri Upplýsingar fór á fundinn en umræður á honum einkenndust af því hvernig efla mætti rödd norrænna bókasafna innan IFLA auk þess sem fulltrúar IFLA mættu sem gestir á fundinn og ræddu um framtíð og fyrirkomulag WLIC ráðstefnunnar og fjármögnun samtakanna þar sem styrkfé Bill og Melindu Gates er bundið í sjóði sem IFLA hefur ekki yfirráð yfir.

IFLA aðalfundur og WLIC 2023

Formaður Upplýsingar fór á IFLA WLIC í Rotterdam í ágúst 2023, sat þar í pallborðsumræðu og fyrir svörum um þá ákvörðun IFLA að halda ráðstefnu í Dubai. Sótti auk þess aðalfund IFLA, sótti fyrirlestra og fundaði með fulltrúa norrænu bókavarðafélagana. Vefstjóri og meðstjórnandi Upplýsingar sótti einnig þá fundi og ráðstefnuna sem okkur fannst mikill ávinningur að. Enda um afar stóra ráðstefnu að ræða og marga hliðstæða fyrirlestra og við gátum því upplýst hvor aðra um viðburði sem við misstum af.

ALMA - Astrid Lindgren Memorial Award

Upplýsing á fulltrúa í nefnd um úthlutun styrkjar á vegum ALMA - Astrid Lindgren Memorial Award, sem er alþjóðlegur styrkur veittur fyrir barna- og unglingsbókmenntir. Íslensku nefndina skipa auk fulltrúa Upplýsingar (Elísabet Björnsdóttir frá Bókasafni Reykjanesbæjar), fulltrúi IBBY á Íslandi, fulltrúi Félags íslenskra teiknara (FÍT) og fulltrúi Rithöfundasambands Íslands. Árið 2023 voru Linda Ólafsdóttir og Sigrún Eldjárn tilnefnd af Íslands hálfu til ALMA verðlaunanna.

Verðlaunin voru veitt áströlskum samtökum sem vinna að því að efla læsi frumbyggjabarna, Indigenous Literacy Foundation sem stofnuð voru árið 2011.

Blái skjöldurinn

Upplýsing, sem aðili að IFLA, á fulltrúa í landsnefnd Bláa skjaldarins og í fræðsluhóp Bláa skjaldarins. Fulltrúar Upplýsingar 2021-2025 eru Guðný Ragnarsdóttir á Árnastofnun og varamaður Guðný Kristín Bjarnadóttir á bókasafni Reykjanesbæjar.

Í lok ágúst fór fram í fyrsta skipti á Íslandi tveggja daga námskeið um viðbrögð við vá með áherslu á skipulag og æfingu björgunar safngripa. Slík námskeið eru orðin mjög algeng í löndum þar sem hamfarir vegna flóða hefur fjölgað ört á síðustu árum.

Leiðbeinandi námskeiðsins Nathalie Jacqueminet gat notað tengslanet Bláa Skjaldarins í Frakklandi og fékk þar innblástur af svipuðum námskeiðum. Landsnefnd Bláa Skjaldarins studdi námskeiðið með búnaði sem notaður er við hreinsun og þurrkun safngripa eftir vatnsflóð.

Námskeiðið var haldið á vegum Borgarsögusafnsins með styrk úr Safnasjóði og var ætlað starfsfólki Reykjavíkursafna.

IBBY á Íslandi

Árlega hefur IBBY á Íslandi staðið fyrir barna- og unglingsbókaráðstefna í Menningarhúsinu í Gerðubergi, en henni er frestað fram í september í ár. IBBY á Íslandi er hluti af alþjóðlegum samtökum um barnabókmenntir og barnamenningu og gefur enn út tímaritið Börn og menning. Upplýsing hefur átt fulltrúa í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar. IBBY á Íslandi eru frjáls félagasamtök áhugamanna um barnabókmenntir og barnamenningu á Íslandi. Áhugasömum er bent á heimasíðu félagsins, ibby.is.